

Minnisblað

Dags.: 28. apríl 2025
Ritað af: Samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps
Ritað fyrir: Sveitarstjórnir Borgarbyggðar og Skorradalshrepps
Efni: Aðgerðir til eflingar byggðar í Borgarfirði

Inngangur

Í tengslum við vinnu við greiningu á stöðu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps og mótun álits skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, hefur samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps tekið saman upplýsingar um aðgerðir sem bætt geta búsetuskilyrði og stutt við byggðarþróun í sameinuðu sveitarfélagi.

Samstarfsnefndin telur að endurbætur á Uxahryggjavegi og grænn iðngarður á Hvanneyri séu vænleg til til árangurs og geti haft veruleg áhrif á atvinnulíf og þróun byggðar í Borgarfirði. Samstarfsnefnd leggur því til að sveitarstjórnirnar beiti sér fyrir því að lagningu bundins slitlags á Uxahryggjaveg verði flýtt og að sótt verði um stuðning til Jöfnunarsjóðs til að undirbúa stofnun græns iðngarðs og útfæra verkefnið.

Uxahryggjaleið er besta leiðin til að dreifa ferðamönnum.

Uxahryggir eru gömul þjóðleið sem liggur frá Borgarfjarðarbraut í Borgarbyggð að Þingvallavegi í Bláskógabyggð. Vegurinn er skilgreindur í vegaskrá sem tengivegur frá Borgarfjarðarbraut að Kaldadalssvegi en sem stofnvegur þaðan og að Þingvallavegi.



Mynd: Vegagerðin.

Vegurinn um Uxahryggi tengir saman Vesturland og Suðurland og skapar ýmis tækifæri til þess að auka samskipti og samstarf íbúa þessara landshluta. Hann skapar auk þess ótal tækifæri og breytir forsendum fyrir ferðaþjónustu í Borgarbyggð og víðar og möguleikum fyrir ferðamenn. Jafnframt myndi vegurinn létta umferð af Þjóðvegi 1 og dreifa ferðamönnum betur um landið. Samstarfsnefnd telur í raun ótækt að stöðva framkvæmdir við Uxahryggjaveg í tíu ár og fresta verklokum fram til ársins 2038 eins og gert er ráð fyrir í gildandi samgönguáætlun. Því er lögð áhersla á að hætt verði við frestun framkvæmdarinnar og að framkvæmdir við veginn hefjist að nýju á næstu fimm árum.

Um árábil hefur verið unnið að endurbótum og lagningu bundins slitlags á Uxahryggjavegi en enn er eftir að leggja slitlag á um 23 km kafla efst í Lundarreykjardal. Í gildandi samgönguáætlun 2020-2034 er gert ráð fyrir að lokið yrði við verkefnið á tímabilinu 2025-2029, en í drögum að nýrri samgönguáætlun fyrir 2024-2038 er ekki gert ráð fyrir að ráðist verði í framkvæmdina fyrr en á 3. tímabili áætlunarinnar sem er 2034-2038.

Enn fremur er lögð áhersla á að tekin verði upp vetrarþjónusta á veginum svo fært sé um hann allan ársins hring.

Dragavegur

Vegurinn um Dragháls er mikið notaður sem varaleið ef veður er vont undir Hafnarfjalli og þegar þjóðvegur nr. 1 lokast vegna veðurs eða viðgerða (sjá mynd). Vegurinn er um 24 km langur malarvegur og viðhaldi hans hefur lengi verið ábótavant. Umtalsverð umferð er um veginn þegar hann er opinn á sumrin. Meðal annars er nokkuð um umferð þungra flutningabíla þegar veðurskilyrði eru þeim óhagstæð undir Hafnarfjalli, með tilheyrandi álagi á veginn og hættu fyrir vegfarendur.

Samstarfsnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að ástand vegarins verði bætt með hliðsjón af þeirri umferð sem umferð sem um hann fer til að auka öryggi vegfarenda.



Mynd: Vegagerðin

Grænn iðngarður á Hvanneyri.

Fjölbreytt atvinnulíf og traustar menntastofnanir einkenna héraðið sem byggir einnig á langri sögu landbúnaðar. Mikil sóknarfæri eru í iðnaði sem tekur mið af auknum kröfum til umhverfislegrar sjálfbærni og nútímalegum landbúnaði sem byggir á loftslagsvænum lausnum. Með fyrirhugaðri uppbyggingu Landsnets á Holtavörðuheðarlínu sem fer um Borgarbyggð skapast möguleikar til aukinnar afhendingar á orku inn á svæðið, m.a. við tengivirkið á Vatnshömrum. Innviðir fyrir margvíslega ferðaþjónustu eru sömuleiðis til staðar.

Væntingar eru um fjölgun starfa sem byggja á sérstöðu svæðisins. Borgarbyggð og Skorradalshreppur eru nú þegar aðilar að Þróunarfélagi Grundartanga sem leiðir skipulag uppbyggingar græns iðngarðs á Grundartanga. Framþróun í landbúnaði felur í sér fjölmörg tækifæri til nýsköpunar í Borgarbyggð og styður við aðgerðaáætlun yfirvalda í loftslagsmálum.

Áhugi hefur verið því um nokkurt skeið að skoða tækifæri sem gætu falist í að stofna Grænan iðngarð með hringrásarhugsun að leiðarljósi á Hvanneyri. Skoða þarf fýsileika slíks verkefnis með hagaðilum og móta sameiginlega framtíðarsýn fyrir svæðið sem heild. Óskað verður eftir styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að vinna að mikilvægisgreiningu, sameiginlegri sýn, markmiðum og mælikvörðum á sviði umhverfismála, félagslegra þátta, stjórnarháttar og hagsældar, samhliða sameiningarviðræðum sveitarfélaganna.

Verkefnið er í samræmi við markmið C-16 í Stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2022-2036, sem er liður í að því að auka sjálfbærni byggða um allt land og nýta betur tækifæri til uppbyggingar grænnar atvinnustarfsemi sem byggist á svæðisbundnum styrkleikum.